



Söfnunarsjóður  
lífeyrisréttinda

### **Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda var stofnaður 26. september 1974.**

Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningum. Hann er því góður kostur fyrir þá sem þurfa að velja sér lífeyrissjóð. Sjóðnum ber einnig lögum samkvæmt að innheimta lífeyrissjóðsiðgjöld sem beint er til sjóðsins frá Ríkisskattstjóra, vegna þeirra aðila sem ekki hafa greitt iðgjöld samkvæmt skattframtali.

Þetta hlutverk hefur sjóðurinn umfram aðra lífeyrissjóði sem og ákveðnar skyldur er tengjast slitum lífeyrissjóða samanber lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi þeirra.

Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign. Hann er sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag.

Hlutverk sjóðsins er að greiða út elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er einn af 10 stærstu lífeyrissjóðum landsins með um 15.000 greiðandi sjóðfélaga og eiga 124.000 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Hrein eign til greiðslu lífeyris þann 31. desember 2010 var 80,7 milljarðar. Hjá sjóðnum starfa 10 starfsmenn með mikla reynslu.

Rekstrarkostnaði sjóðsins hefur verið haldið í lágmarki. Sjóðurinn á vel fyrir skuldbindingum sínum og hefur aldrei þurft að skerða réttindi sjóðfélaga. Fjárfestingarstefna sjóðsins er varfarin og hefur skilað jafnri og traustri ávöxtun til sjóðfélaga.

Segja má því með sannri að lífeyrisréttindi sjóðfélaga hafi verið betur varin en lífeyrisréttindi sjóðfélaga annarra sjóða undanfarin ár.

### **Skylduáðild**

Öllum launagreiðendum ber lögum samkvæmt að greiða í samtryggingarsjóð 12% af launum (launagreiðandi 8% og launþegi 4%) og 0,13% í endurhæfingarsjóð. Launagreiðandi ber ábyrgð á skilum. Þessi skylda nær til allra starfandi einstaklinga á aldrinum 16 – 70 ára.

### **Séreignarsjóður**

Sjóðurinn er einnig með séreignarsjóð fyrir þá sem það kjósa og er það góður kostur. Með því að leggja 2-4% af launum í séreignarsparnað greiðir launagreiðandi 2% móttframlag. Ef þú greiðir ekki í séreignarsparnað ertu í raun að afþakka 2% launahækkun. Séreignarsparnaður er undanþeginn fjármagnstekjuskatti.

### **Ellilífeyrir**

Réttur til töku ellilífeyris hefst mánuði eftir að sjóðfélagi verður 67 ára. Heimilt er að hefja töku ellilífeyris 65 ára en þá með lækkun sem nemur 7,5% fyrir hvert ár. Einnig er heimilt að fresta töku lífeyris til 70 ára og hækkar þá lífeyririnn um 9,28 % fyrir hvert ár. Ellilífeyrir er ævilangur.

### **Örorkulífeyrir**

Réttur til örorkulífeyris miðast við að orkutap sé a.m.k. 50% að mati trúnaðarlæknis sjóðsins. Hvert mál er skoðað sérstaklega og örorkugreiðslur greiðast að hámarki 2 ár aftur í tímann frá orkutapi.

### **Makalífeyrir**

Við andlát sjóðfélaga öðlast maki hans rétt til makalífeyris frá sjóðnum þó aldrei meira en 50% af réttindum sjóðfélaga. Maki sjóðfélaga telst vera sá eða sú sem var í hjúskap, staðfestri sambúð eða óvígðri sambúð sem jafna má til hjúskapar.

### **Barnalífeyrir**

Barnalífeyrir vegna örorku og eða andláts sjóðfélaga er greiddur vegna barna og eða kjörbarna til 19 ára aldurs sé ákveðnum skilyrðum fullnægt. Lífeyririnn greiðist til framfæranda barnsins.

### **Réttindi í mörgum lífeyrissjóðum**

Þegar kemur að töku lífeyris er í flestum tilfellum nægjanlegt að sækja um hjá síðasta sjóði sem greitt hefur verið til og mun sá sjóður sjá um samskipti við aðra sjóði.

### **Sjóðfélagalán**

Lán eru veitt til sjóðfélaga. Lánsréttindi hefur sá sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins annað hvort til samtryggingardeildar eða séreignardeildar.

### **Hvernig getum við aðstoðað þig ?**

Starf sjóðsins er margþætt og stiklað er á stóru með þessum línunum. Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur ef spurningar vakna og við munum með ánægju liðsinna þér .